# Gæði og öryggi í bráðahjúkrun – mönnun og hæfni hjúkrunarfræðinga

**Ragnheiður Kristín Haraldsdóttir Eyvinds, Katrín Þórhallsdóttir, Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir og Ágústa Hördís Kristinsdóttir**
**bráðamóttaka Landspítalans, hjúkrunar og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands og Hrafnista Laugarási**

## Bakgrunnur

Skortur á hjúkrunarfræðingum alþjóðlegt vandamál sem ógnar öryggi sjúklinga
Fjöldi sjúklinga og alvarleiki veikinda ófyrirsjáanlegt á bráðamóttökum á heimsvísu
Krefst fjölbreytilegrar hæfni og yfirgripsmikillar þekkingar hjúkrunarfræðinga

## Aðferð

Fræðileg samantekt
Kerfisbundin leit á PubMed og Cinahl
Rannsóknir gefnar út á síðustu 5 árum
Notast var við skilgreind leitarorð
leitarniðurstöður settar fram í PRISMA flæðiriti og rannsóknir greindar út frá rannsóknarspurningum.

Tilgangurinn var að skoða rannsóknir um mönnun og hæfni hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökum og kanna
1. áhrif mönnunar hjúkrunarfræðinga á útkomur sjúklinga og gæði þjónustu á bráðamóttökum
2. áhrif hæfni hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökum á útkomur sjúklinga og gæði þjónustu

“betra að vera undirmannaður með hjúkrunarfræðingum sem þekkja deildina en fullmannaður með starfsfólki sem þekkir ekki deildina”

“bráðamóttökur með hæsta hlutfall óframkvæmdrar hjúkrunar”

“ein helsta ástæða lyfjamistaka reyndist vera fjöldi sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing”

“Hjúkrunarmönnun og vinnuálag á bráðamóttökum leiddi beint til tafa á meðferð og aukinnar hættu á mistökum.”

“Sérhæfð menntun og klínísk reynsla juku hæfni hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökum”

LANDSPÍTALI

HÍ HJÚKRUNAR- OG LJÓSMÓÐURFRÆÐIDEILD

## Niðurstöður

Verri mönnun tengdist aukinni tíðni lyfjamistaka, lengri tíma til verkjastillingar og meiri óframkvæmdri hjúkrun.
Rannsóknum bar ekki saman um að aukin starfsreynsla hjúkrunarfræðinga og/eða hærra menntunarstig tengdist betri útkomum sjúklinga eða aukinni öryggisvitund.
Aðrir þættir sem tengdust auknum gæðum og öryggi í þjónustu voru sálrænt öryggi starfsmanna, teymisvinna hjúkrunarfræðinga og fjöldi næturvakta í mánuði.

## Ályktanir

Þær fáu rannsóknir sem fundust bentu til þess að mönnun og hæfni hjúkrunarfræðinga hafi áhrif á gæði þjónustu og öryggi sjúklinga á bráðamóttökum en fjöldi annarra þátta spila einnig inn í. Möguleiki er að bæta öryggi sjúklinga og gæði þjónustu á bráðamóttökum en mikil þörf er á frekari rannsóknum á þessum tengslum.

Tengiliður
Ragnheiður Kristín Haraldsdóttir Eyvinds
Bráðamóttaka Landspítalans
ragnheyv@landspitali.is
6984000